

Mánudaginn 12. október 1987.

Nr. 98/1987. **Pálmi Lórensson**

gegn

Byggðasjóði**Útvegsbanka Íslands h/f****Sláturfélagi Suðurlands****Byko s/f****Sanitas h/f****Sparisjóði vélstjóra****Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar h/f****Flugleiðum h/f****Eimskipafélagi Íslands h/f****X-Design Studio A/S****Samvinnutryggingum g/t****Dreifingu****Magnúsi Kjaran h/f****Búnaðarbanka Íslands****Hljómbæ h/f****Iðnaðarbanka Íslands h/f****Ferðamálasjóði****Bjarna Gunnarssyni****Karnabæ h/f****Vestmannaeyjakaupstað****Samvinnubanka Íslands h/f og****þ.b. Hafskips h/f**

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1987. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Vestmannaeyja frá 3. desember 1986. Málið var þingfest í Hæstarétti 4. maí 1987 og þá frestað til 2. október 1987 til framlagningar dómserða, ágripa og greinargerðar áfrýjanda. Er málið kom fyrir þann dag krafðist áfrýjandi frekari frests til ágripsgerðar fram í desember nk.

Stefndu, Ferðamálasjóður og Búnaðarbanki Íslands, mótmæltu þá frekari fresti og kröfðust þess, að málið yrði felld niður eða því frávísað og loks málskostnaðar sér til handa.

Upplýst er í málinu að áfrýjandi bað um dómsgerðir með bréfi dagsettu 10. febrúar 1987. Þær voru ekki tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í september s.á. Með þetta í huga þykir eftir atvikum rétt að veita áfrýjanda frest til 2. nóvember 1987. Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. nóvember 1987.

Málskostnaðarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 15. október 1987.

Nr. 177/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Magnúsi Sigurjónssyni

(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1986 og einnig af ákærvalds hálfu til þyngingar refsingar og staðfestingar á ökuleyfissviptingu.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Varðar brot ákærða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði.